

Ed.

131. Frumvarp til laga

[105. mál]

um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972.)

1. gr.

Mál vegna brota á lögum nr. 77 16. júní 1970, um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl. og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum, skulu rannsókuð, rekin og dæmd fyrir dómi í ávana- og fíkniefnamálum.

2. gr.

Dómur í ávana- og fíkniefnamálum skal hafa aðsetur í Reykjavík. Ráðherra skipar dómara í ávana- og fíkniefnamálum, og skal hann fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti og hafa þekkingu á rannsókn og meðferð ávana- og fíkniefnamála. Hann nýtur réttinda og ber skyldur sem aðrir héraðsdómarar. Hann getur haldið dómþing hvar á landinu sem er.

3. gr.

Við embætti dómara í ávana- og fíkniefnamálum skulu starfa svo margir fulltrúar, er fullnægi skilyrðum 33. gr., sbr. 6. tl. 32. gr. laga nr. 85/1936, sem þörf er á, að mati dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur veitt fulltrúum, sem ráðnir eru til starfa samkvæmt 1. mgr., og fullnægja ákvæðum laga til að hljóta skipun í fast dómara starf, heimild til að vinna sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómstörfum, sem þeim eru falin.

4. gr.

Um málsmeðferð alla fyrir dómi í ávana- og fíkniefnamálum skal fara eftir ákvæðum laga nr. 82 21. ágúst 1961, sbr. lög nr. 29 28. apríl 1966, eftir því sem við á.

5. gr.

Nú verður það uppvíst í máli, sem er til meðferðar eða rekið er fyrir dómi í ávana- eða fíkniefnamálum, eða ástæða er til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið aðrar refsiverðar athafnir, og skal þá fá ákvörðun saksóknara ríkisins um, hvort rannsókn og meðferð brotanna skuli haldið áfram fyrir dómi í ávana- og fíkniefnamálum eða sent til meðferðar hinum almenna dómi.

Nú kemur upp í almennu refsímáli eða ástæða þykir til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið refsivert brot gegn lögum nr. 77/1970, og skal þá fá ákvörðun saksóknara ríkisins um, hvort rannsókn og meðferð brotanna skuli haldið áfram fyrir hinum almenna dómi eða sent til meðferðar dóms í ávana- og fíkniefnamálum.

6. gr.

Telji héraðsdómari, að ástæða sé til að ætla, að framið hafi verið refsivert brot gegn lögum nr. 77/1970 og reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal hann

þegar hefja frumrannsókn í málinu, en jafnframt tilkynna dómi í ávana- og fíkniefnamálum um málið, sem tekur við meðferð þess.

7. gr.

Dómsmálaráðherra úrskurðar, að öðru leyti en lög þessi ákveða, hver störf skuli lögð undir embætti dómara í ávana- og fíkniefnamálum.

Dómsmálaráðherra ræður dómara í ávana- og fíkniefnamálum starfsfólk.

8. gr.

Við embætti dómara í ávana- og fíkniefnamálum og undir hans stjórn skal starfa sérstök deild lögreglumanna.

Dómsmálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um samvinnu og frekari starfskiptingu milli lögregludeildar þessarar og almennrar lögreglu og rannsóknarlög-reglu.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Megintilgangur lagafrumvarps þessa er að efla löggæzlu á sviði ávana- og fíkniefnamála.

Misnotkun ávana- og fíkniefna er staðreynd hér á landi, þrátt fyrir allumfangsmiklar aðgerðir til að reyna að hindra ólöglegan innflutning efnanna til landsins.

Löggæzlu er nú þannig háttáð á þessu sviði, eins og öðrum, að lögregla hvers lögsagnarumdæmis hefur á hendi eftirlit með því, að ávana- og fíkniefni séu ekki á boðstólum né þeirra neytt í þeirra umdæmi.

Tollgæzlan fylgist eftir megni með því, að efnin séu ekki flutt inn.

Þessir aðilar hafa samvinnu sín á milli og skiptast á upplýsingum, en reynslan hefur sýnt, að í næstum öllum þeim málum, sem komið hafa upp á þessu sviði, hafa aðilar verið búsettir í fleiri en einu lögsagnarumdæmi. Hefur því í ýmsum tilvikum þurft að rannsaka málin fyrir mörgum dómstólum áður en til ákæru hefur komið.

Þótt lögregla og rannsóknardómarar hafi sinnt þessum málum af áhuga og dugnaði, hefur nokkuð borið á því, að skort hafi á samræmingu í aðgerðum.

Samstarfsnefnd sú, sem dómsmálaráðherra skipaði í marz 1972 og hefur það hlutverk að samræma og stjórna aðgerðum af ríkisvaldsins hálfu í málefnum varðandi ávana- og fíkniefni, sendi dóms- og kirkjumálaráðuneytinu tillögur um aðgerðir í þessum málum með bréfi, dags. 15. ágúst 1972, þar sem þess er farið á leit, að ráðuneytið beiti sér fyrir því, að skipaður verði sérstakur umboðsdómari, er hafi með höndum rannsókn mála varðandi brot á löggjöf um ávana- og fíkniefni. Bréf nefndarinnar er prentað sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Ekki þóttu öruggar lagaheimildir fyrir því að skipa umboðsdómara til að fara með mál þessi. Er því lagt til í frv., að skipaður verði sérstakur dómari til að fara með þessi mál, og að hann geti haldið dómþing, hvar sem er á landinu.

Við því má búast, að við rannsókn og meðferð ávana- og fíkniefnamála komi upp, að sökunautur hafi einnig framið önnur refsiverð brot. Er því lagt til, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 82/1961, að saksóknari ákveði, hvort málinu skuli haldið áfram fyrir dómi í ávana- og fíkniefnamálum, sem þá myndi dæma um öll brotin, ef til kæmi, eða sent til hins venjulega sakadóms. Á sama hátt er gert ráð fyrir, að ef brot á lögum nr. 77/1970 kemur upp í refsimáli, sem rekið er fyrir sakadómi, skuli fengin ákvörðun saksóknara um, hvar málið skuli rekið.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir því, að við embætti dómara í þessum málum starfi sérstök deild lögreglumanna.

Eftir sem áður verður aðallöggæzlustarfsemin á vegum hvers umdæmis og er ekki ætlunin, að með þessu leggist niður sú myndarlega deild, sem nú starfar að þessum málum við lögreglustjóraembættið í Reykjavík. Lögreglumenn dómaraembættisins verða fyrst og fremst til aðstoðar sem sérfræðingar og til að samræma aðgerðir lögreglumanna umdæmanna, þegar mál koma upp. Þeirra meginhlutverk verður að aðstoða dómaraann við rannsóknarstörf.

Gerð hefur verið lausleg kostnaðaráætlun vegna frumvarps þessa, þar sem augljóst er, að það hefur talsverðan kostnað í för með sér.

Miðað er við, að auk dómara starfi við embætti hans einn fulltrúi og ritari og að hann hafi í þjónustu sinni a. m. k. 3 lögreglumenn. Laun verða þá um kr. 3 500—4 000 þús. og annar kostnaður verður vart undir kr. 1 500—2 000 þús. Auk þess er stofnkostnaður áætlaður um kr. 1 000 þús. Heildarkostnaður á árinu 1973, miðað við, að embættið starfi allt árið, verður því vart undir kr. 6 000—7 000 þús.

Fylgiskjal.

SAMSTARFSNEFND UM FÍKNIEFNAVANDAMÁL

Reykjavík, 15. ágúst 1972.

Á fundi nefndarinnar, sem haldinn var 9. þ. m., ákvað nefndin að fara þess á leit við dóms- og kirkjumálaráðuneytið, að það beiti sér fyrir eftirfarandi aðgerðum:

1. Að skipaður verði sérstakur umboðsdómari, er hafi með höndum rannsókn mála varðandi brot á löggjöf um ávana- og fíkniefni.
2. Að tryggt verði, að a. m. k. 8 löggæzlu- og tollgæzlumenn starfi að jafnaði að fíkniefnalöggæzlu í Reykjavík og nágrenni, þar með talin Keflavík og Keflavíkurlflugvöllur, og að þeim verði sé fyrir fullnægjandi starfsaðstöðu, bæði hvað snertir tækjabúnað og skrifstofuaðstöðu. Það sé háð ákvörðun ráðuneytisins, hvort þessir löggæzlumenn starfa við eitt eða fleiri embætti á þessu svæði.
3. Að ráðuneytið hlutist til þess við heilbrigðismálaráðuneytið, að lækni með sérmenntun í geðlækningum, verði falið að kynna sér sérstaklega meðferðarmál ávana- og fíkniefna- og lyfjasjúklinga. Lækninum verði síðan sköpuð aðstaða til þjónustu á þessu sviði, bæði við sjúklingana sjálfa og aðstandendur þeirra. Einnig verði læknirinn ráðunautur opinberra aðila um allt, er varðar læknis meðferð ávana- og fíkniefna- og lyfjaneytenda.

Jafnframt því, að tryggt verði fjármagn til að kosta framangreindar aðgerðir vill nefndin fara þess á leit, að hún fái til ráðstöfunar á árinu 1973 kr. 2 500 000.00 til þess að kosta fræðslu og upplýsingastarfsemi, til þess að kosta menntun starfsmanna, bæði innanlands og erlendis og til tækjakaupa fyrir löggæzlu.

Nefndin vill benda á það til stuðnings beiðni sinni um ofangreindar ráðstafanir, að hér er um að ræða löggæzluverkefni, sem hefur verið látið njóta forgangs um mannafla og fjárveitingar í nágrannalöndunum, vegna þess, hversu alvarlegt vandamál er hér um að ræða. Þá telur nefndin, að sá vísir að sérstakri löggæzlu á þessu sviði, sem starfað hefur hér undanfarið, hafi sýnt, að full þörf er hér á slíkri löggæzlu og að hún verði eflid verulega, því að allt bendir til þess, að ásókn unglunga í fíkniefni sé að aukast verulega, og nauðsynlegt er að vera viðbúinn því, að skipulögð dreifingarstarfsemi geri tilraunir til að leggja undir sig markaðinn.

Til skýringar á tillögu sinni um fjölda löggæzlumanna til að vinna að þessum málum vill nefndin geta þess, að nú þegar mun varið starfstíma a. m. k. 5 manna að jafnaði til að sinna þessum málaflokki á umræddu svæði.

Nefndin telur æskilegt, að komið verði á því skipulagi að rannsókn mála af þessu tagi séu undir stjórn eins rannsóknardómara, sem fylgist þá með öllu starfi

löggæzlu og tollgæzlu á þessu sviði. Enda þótt sú reynsla, sem fengizt hefur af samstarfi milli lögsagnarumdæma við meðferð þessara mála hafi reynzt allgóð, telur nefndin visst hagræði að því að hafa meðferð máls, sem nær til aðila í mörgum lögsagnarumdæmum, undir yfirstjórn eins rannsóknardómara, en í þeim málum, sem upp hafa komið, hafa aðilar verið búsettir í mörgum lögsagnarumdæmum.

Í sambandi við ráðningu sérstaks læknis, sem falið yrði að kynna sér meðferð fikniefna- og lyfjasjúklinga, vill nefndin minna á lagaákvæði um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra nr. 39/1964, 9. gr., og telur, að svipað fyrirkomulag eigi við um þá sjúklinga, er hér um ræðir, sbr. 18. gr. sömu laga.

Virðingarfyllt,

Jón Thors.

Ólafur Jónsson.

Páll Sigurðsson.

Reynir G. Karlsson.

Til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.